

# Skýrsla skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi árið 1990

Helstu framkvæmdir Skógræktarfélags Selfoss í Hellisskógi á árinu 1990 voru þessar.

## 1) Plöntun.

Dagana 25. og 28. maí og 7. júní var plantað 800 sitkagreni, 200 sitkabastarði, 134 sitkaelri, 67 grænelri, 134 rússalerki, 100 sífjalerki, 464 stafafurur, 1000 alaskavíði (S2a) og 300 birki (pottaplöntur). Auk þess komu félagsmenn með plöntur úr eigin ræktun u.þ.b.100 stk. Alls var því plantað um 3500 plöntum. Greninu var aðallega plantað í þyrpingar vestan við Grímskletta og í brekkuna ofan við efsta veiðistaðinn. Birkið var sett í skjólbelti sunnan við Grímskletta en aðrar plöntur voru settar meðfram göngustígum Sv Grímskletta og í lautina ofan við Hrefnutanga. Dálítið af stafafuru var sett í skurðbakka og alaskavíðiþlönturnar notaðar í skjólbelti NA-við Grímskletta.

## 2) Græðlingar.

Eins og undanfarin ár var talsverðu stungið niður af græðlingum. Mest voru þetta græðlingar af brúnum alaskavíði úr græðlingabeðum félagsins í Hellisskógi. Einnig var stungið viðju, sitkavíði og aspargræðlingum. Fjöldi græðlinga var u.þ.b. 2500.

## 3) Kvæmasafn af alaskaösp.

Þann 3. júní var stungið í plógstrengi norðan við Grímskletta græðlingum af alaskaösp. Þetta voru 17 klónar af C-9, C-12, C-13 og C-14 kvæmum. Fimm græðlingar voru af hverjum klón. Verkið var unnið undir stjórn Úlfs Óskarssonar starfsmanns Tilraunastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá og



*Tilraunaaspirnar í Hellisskógi haustið 1990.*

starfsmenn þar söfnuðu græðlingaefninu á Mógilsá og á Tumastöðum. Þetta er vonandi upphafið að mun stærra safni.

4) **Göngustígagerð.**

Þann 31. maí smíðuðu félagsmenn 20 smábrýr og eina stóra. Brýrnar voru settar yfir plógstrengi norðan Grímskletta. Einnig voru stungnar niður litlar þúfur í stígastæðinu. Dagana 9.-13. júní unnu krakkar úr unglíngavinnunni við ofaníburð í stíginn sem markaður var um vorið og báru betur í stígana frá því í fyrra (1989). Notaður var harpaður bruni.

5) **Jarðvinnsla.**

Dagana 2. og 3. nóvember plægði starfsmaður Skógræktar ríkisins mýrlendi sunnan og norðan Grímskletta. Verkið tók 12 klst.

6) **Áburðardreifing.**

Þann 31. maí var borinn áburður að trjám í skjólbeltum og skógarplöntur frá síðustu árum. Alls fóru í þetta sex 25 kg pokar af áburði (blákorn).

7) **Ofaníburður, bílastæðagerð og ræsagerð.**

Til stóð að bera grús og bruna í vegi og bílastæði og útbúa ræsi á tveimur stöðum á aðalveginum upp með ánni. Þegar þetta er ritað 5. desember höfðu starfsmenn áhaldahúss ekki enn hafið framkvæmdir. Vonir standa til að starfsmenn áhaldahúss sjái sér fært að framkvæma verkið síðar í desember. Peningar eru til svo ekki strandar á þeim.



*Góður vöxtur í trjám sumarið 1990: Víðiskjólbelti NA við Grímskletta.*

Eins og undanfarin ár var mæting mjög góð öll vinnukvöld þessa starfsárs. Til dæmis þá mættu 50 fullorðnir og yfir 20 börn 25. maí. Vegna hagstæðrar tíðar í sumar var vöxtur á plöntum sérlega góður og mældust yfir 1. m langir vaxtarsprotar í víðiskjólbeltunum og 25 cm langir sprotar á sitkagreni frá 1987. Ef fer sem horfir fer skógurinn að standa undir nafni innan 10-15 ára.

Selfoss 5. Des. 1990  
Örn Óskarsson